

# Stofnanasamningur BHS, FÁ, FB, Flb, FS, FSu, FVA, FMos, FÍV, ME, MÍ, MK, VMA og VA og félagsfólks í Þroskaþjálfafélagi Íslands

## 1. Gildissvið

Samningur þessi nær til allra starfsmanna Borgarholtsskóla, Fjölbautaskólans við Ármúla, Fjölbautaskólans í Breiðholti, Flensborgarskólans, Fjölbautaskóla Suðurnesja, Fjölbautaskóla Suðurlands, Fjölbautaskóla Vesturlands á Akranesi, Framhaldsskólans í Mosfellsbæ, Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum, Menntaskólans á Egilsstöðum, Menntaskólans á Ísafirði, Menntaskólans í Kópavogi, Verkmenntaskólans á Akureyri og Verkmenntaskóla Austurlands sem eru í Þroskaþjálfafélagi Íslands. Samningurinn er gerður samkvæmt ákvæðum gildandi kjarasamnings aðila við fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

## 2. Markmið

Samningnum er ætlað er að tryggja þróun og stuðla að því að gera launakerfið sveigjanlegra, skilvirkara og meira hvetjandi fyrir starfsmenn. Markmið samningsins eru gerð í samræmi við almenn markmið stofnanasamninga.

- Að stuðla að launajafnrétti innan skólanna.
- Að stuðla að jákvæðu og uppbyggilegu starfsumhverfi.
- Að umbuna starfsmönnum fyrir viðbótar- og endurmenntun.
- Að launakerfi skólans stuðli að framþróun í skólastarfi.
- Að efla og styrkja starfsmenn í starfi.
- Að starfsfólki sé umbunað fyrir sérverkefni.
- Að hraða launaframgangi nýliða í starfi.
- Að stuðla að sveigjanlegum vinnutíma sbr. viðauka við kjarasamning undirritaðan 28. maí 2014.

## 3. Röðun í launaflokka og þrep

### 3.1 Grunnröðun

Grunnröðun þroskaþjálfra sem hlotið hefur starfsleyfi frá Embætti landlæknis er 10-0.  
*Þroskaþjálfri vinnur að þroskaþjálfun nemenda með þroskafrávik og/eða fötlun.*

### 3.2 Mat á starfsreynslu (persónubundnir þættir)

Með fagreynslu er átt við samanlagða starfsreynslu við skólann. Starfsreynsla sem áunnin er við skammtímaráðningu skal einnig teljast að fullu.

- | Fjöldi ára í starfi<br>sem þroskaþjálfri | Launaflokkur til<br>viðbótar grunnröðun |
|--|---|
| • Eftir 1 ár í starfi .....              | 1 launaflokkur                          |
| • Eftir 3 ár í starfi .....              | 1 launaflokkur                          |
| • Eftir 6 ár í starfi .....              | 1 launaflokkur                          |
| • Eftir 9 ár í starfi .....              | 1 launaflokkur                          |

Heimilt er að meta fagreyndu og sértæka starfsreyndu sem aflað er annars staðar, en talin nýttast við störf viðkomandi í skólanum, á sama hátt og starfsreyndu innan skólans.

### 3.3 Viðbótarmenntun (persónubundnir þættir)

Með viðbótarmenntun er átt við einingar umfram 240 ECTS sem þarf til að öðlast starfsleyfi. Einingar milli prófgráða eða frá grunnkröfu starfs skulu aldrei tvítaldar.

- 30 ECTS eininga háskólanám eftir BA/BS próf sem nýtist í starfi... 1 þrep
- MA/MS próf sem nýtist í starfi ..... 2 launaflokkar
- Doktorspróf sem nýtist í starfi ..... 3 launaflokkar

### 4. Tímabundnir þættir

Taki starfsmaður að sér tímabundið verkefni, aukna ábyrgð, aukið tímabundið álag eða annað umfram það sem krafist er í starfslýsingu hans og öðrum verkefnum ekki fækkað á meðan skal það launað sérstaklega (launaþrep eða tímar). Samið skal um slíkt fyrir fram. Dæmi um verkefni en þó ekki tæmandi listi:

- Virk þátttaka í þróunar- eða samstarfsverkefnum sem stofnunin er aðili að.
- Stjórnun og ábyrgð, t.d. afleysing deildarstjóra.
- Deildarstjóri fær greitt með sama hætti og aðrir deildarstjórar innan skólans.
- Þroskaþjálfari sem vinnur að þjálfun nemenda með fjölbætta fötlun, mikla umönnunarþörf og/eða mikil hegðunarfrávik.
- Bera öryggishnapp/vera í varnarteymi.
- Stuðningur við heimanám utan starfstíma/í námsveri.
- Önnur aukastörf sem auglýst eru í skólanum.

Heimilt er að greiða þroskaþjálfara við ráðningu eða sérstakar aðstæður markaðsálag í formi launaflokks/a eða þrepa.

### 5. Samstarfsnefnd og meðferð ágreiningsmála

Hlutverk samstarfsnefndar er að annast gerð, endurskoðun og breytingar á stofnanasamningi. Hún fjalla um nauðsynlegar breytingar vegna nýrra verkefna eða breyttrar vinnutilhögunar í stofnun eða breytinga á miðlægum kjarasamningi. Samstarfsnefndin tekur fyrir erindi frá starfsmönnum eða stjórn stofnunar og afgreiðir þau í samræmi við ákvæði kjarasamnings, sbr. 11. kafla í samkomulagi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og ÞÍ.


### 6. Gildistími


Samningur þessi tekur gildi 1. maí 2026. Hvor aðili um sig getur farið fram á endurskoðun hans verði breytingar á miðlægum kjarasamningi eða starfsemi stofnunarinnar. Að jafnaði skal stofnanasamningur endurskoðaður á tveggja ára fresti.

7. Undirritun


1. maí 2026

F.h. Proskapjálfafélags Íslands


  
Laufey Elísabet Gissurardóttir  
formaður


  
Anna Lijja Magnúsdóttir  
framkvæmdastjóri

F.h. viðkomandi framhaldsskóla


  
Ásta Laufey Steingrimsdóttir BHS

  
Magnús Ingvarsson FA


  
Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir FB


  
Erla Ragnarsdóttir Fib

  
Kristján Pétur Ásmundsson FS


  
Sofía Sveinsdóttir FSu


  
Steinunn Inga Ómarsdóttir FVA


  
Kristján Armar Ingason FMos


  
Helga Kristín Kolbeins FÍV

  
Guðrúnur Hrund Helgadóttir MK

  
Árni Ólason ME

  
Heiðrún Tryggvadóttir VI

  
Birgir Jónsson VA

  
Benedikt Barðason VMA